



SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

REYKJAVÍKURBORGAR

VIÐ VINNUM MIKILVÆGASTA STARF Í HEIMI

STARFSMANNAHANDBÓK
FÉLAGSMIDSTÖÐVA

EFNISYFIRLIT

Inngangur		5. kafli – Reglur og verkferlar	17
Frá skrifstofustjóra fagskrifstofu frístundamála	4		
Frá ritstjórum	5	6. kafli – Leiðarljós frístundaráðgjafans	
Um skóla- og frístundasvið Reykjavíkur	5	Hlutverk starfsfólks	18
		Fyrirmyndir	19
1. kafli – Hlutverk félagsmiðstöðva		Tengslamyndun	19
Um félagsmiðstöðvar	6	Samfélagsmiðlar og netið	19
Þríþætt gildi frítímans	7	Samstarf og verndandi þættir	20
2. kafli – Hugmyndafræði félagsmiðstöðva		7. kafli – Skyldur og ábyrgð frístundaráðgjafans	
Kenningar um félagsmótun	8	Síðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar	21
Barna- og unglingalýðræði	8	Viðbragðsáætlun við alvarlegum atburðum	21
Hlutverk frístundaráðgjafa	11	Barnavernd	21
Ungmennaráð í hverfum borgarinnar	11	Símenntun	22
Reykjavíkurráð ungmenna	11	Vinnustund	22
Óformlegt nám og reynslunám	12	Veikindi	22
		Akstur	22
3. kafli – Starfsþættir félagsmiðstöðva		8. kafli – Hagnýtar upplýsingar	
Opið starf	13	Innri vefur borgarinnar	23
Hópastarf	13	Sameyki - stéttarfélag í almannaþjónustu	23
Námskeið og smiðjur	14	Ýmis réttindi	24
		Trúnaðarmaður	25
4. kafli – Helstu þroskaverkefni 10-16 ára barna og unglinga		Félag fagfólks í frítímaþjónustu	25
Félagslegir þættir	15		
Aukinn andlegur þroski	16	Félagsmiðstöðvar í Reykjavík	25
Barna- og unglingamenning	16	Heimildir og efni sem stuðst var við	26



INNGANGUR

Frá skrifstofustjóra fagskrifstofu frístundamála:

Starfsfólk gegnir mikilvægu hlutverki í starfi félagsmiðstöðva og eru mikilvægar fyrirmyndir fyrir börn og unglinga sem sækja félagsmiðstöðvarnar. Starfsfólk mótar félagsmiðstöðvastarfið og skapar þá stemmingu sem þar ríkir. Eitt mikilvægasta verkefni þeirra er að sjá til þess að öllum finnist þeir velkomnir í félagsmiðstöðina og að enginn verði þar fyrir aðkasti eða einelti.

Með félagsmiðstöðvastarfi er leitast við að mæta þörfum barna og unglinga fyrir fjölbreytt frístundastarf og samveru með jafnöldrum í öllum hverfum borgarinnar. Með þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi þjálfa börn og unglingar samskipta- og félagsfæri sína auk þess sem þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi undir handleiðslu fagfólks hefur mikið forvarnargildi og styður við heilbrigðan lífsstíl barna og unglinga (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2014).

Það er mikilvægt að starfsfólk haldi fast í þá hugmyndafræði og markmið sem liggja til grundvallar starfinu. Í Starfsskrá frístundamiðstöðva (2015) koma fram leiðarljós og gildi félagsmiðstöðvastarfsins. Áhersla er lögð á virka þátttöku,

reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Framtíðarsýn félagsmiðstöðvanna er að finna í Stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025 (2017) og í Reglum um þjónustu félagsmiðstöðva (2017) er allt um skipulag og umgjörð félagsmiðstöðvanna. Menntastefna Reykjavíkurborgar (2018) leggur áherslu á formlegt og óformlegt nám og meginmarkmið hennar er að öll börn og unglingar öðlist menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi. Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs (2015) eru stuðningur við grundvallarmarkmið félagsmiðstöðvastarfsins og eru leiðbeinandi, umbótamiðuð og ætlað að stuðla að betri starfsemi. Með útgáfu Starfsmannahandbókar félagsmiðstöðva er verið að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um hvernig best sé staðið að faglegu og góðu starfi séu aðgengilegar öllu starfsfólki félagsmiðstöðva.

ÁNÆGÐIR STARFSMENN => ÁNÆGÐ BÖRN OG ÁNÆGÐIR UNGLINGAR => ÁNÆGÐIR FORELDRAR

Soffía Pálsdóttir
skrifstofustjóri fagskrifstofu frístundamála

KÆRI STARFSMAÐUR

Fyrsta starfsmannahandbókin fyrir starfsmenn í félagsmiðstöðvum í Reykjavík kom út árið 2007 og þrátt fyrir að margt í handbókinni standist vel tímans tönn og kalli ekki á breytingar var orðið tímabært að yfirfara hana og uppfæra. Handbókinni er ætlað að tryggja að allir starfsmenn í félagsmiðstöðvum í borginni hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum sem varða skipulag og starfsemi félagsmiðstöðva.

Börn og unglingar á aldrinum 10-16 ára eru markhópur félagsmiðstöðvastarfsins og það er mikilvægt að þekkja til helstu einkenna þessa aldursskeiðs til að skilja markhópin betur og geta stutt við helstu þroskaverkefni hans með því starfi sem fram fer í félagsmiðstöðvunum. Einnig er mikilvægt að átta sig á þeim kröfum og væntingum sem skóla- og frístundasvið gerir til þeirra sem þar starfa og að starfsfólk þekki vel þá verkferla sem unnið er eftir. Það er von okkar að handbókin komi til með að nýtast starfsfólki félagsmiðstöðva og efli fagvitund og gæði starfsins.

Ingi Þór Finnsson
Hulda Valdís Valdimarsdóttir
Kristrún L. Daðadóttir
Inga Lára Björnsdóttir
Ólöf Haflína Ingólfsdóttir
Sigurbjörg Kristjánsdóttir
Þorsteinn V. Einarsson
Þórhildur Rafns Jónsdóttir

SKÓLA- OG FRÍSTUNDA-SVIÐ REYKJAVÍKUR

Hlutverk skóla- og frístundasviðs (SFS) er að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið ásamt því að vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi. Reykjavík er skipt upp í fimm þjónustusvæði eða borgarhluta og í hverju þeirra er starfrækt frístundamiðstöð sem hefur umsjón með starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva í viðkomandi borgarhluta en í borginni eru starfandi 39 frístundaheimili og 25 félagsmiðstöðvar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á rekstri frístundamiðstöðvar og nýtur fulltingis deildarstjóra barna- og unglingastarfs. Fjármálastjóri hvernar frístundamiðstöðvar hefur umsjón með rekstri og fjársýslu hennar. Undir starfsemi SFS heyra einnig 64 leikskólar, 36 grunnskólar, 4 skólahljómsveitir og Námsflokkar Reykjavíkur.

[Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030](#) sem var samþykkt í Borgarstjórn Reykjavíkur 20. nóvember 2018 er ætlað að skapa umgjörð um menntun í borginni. Samkvæmt stefnunni eiga börn og unglingar að öðlast menntun og reynslu í skóla- og frístundastarfi til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Lögð er áhersla á að börn og unglingar séu virkir þátttakendur í leik og starfi og er það er m.a. hlutverk starfsfólks félagsmiðstöðva að veita börnum og unglingum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni til þess að þau geti haft áhrif á eigin menntun, líðan og umhverfi.



1. KAFLI

HLUTVERK FÉLAGSMIÐSTÖÐVA

Um félagsmiðstöðvar

Skóla- og frístundasvið (SFS) rekur rúmlega tuttugu almennar og sértækar félagsmiðstöðvar víðsvegar í Reykjavík fyrir börn á aldrinum 10-16 ára. Fyrsta félagsmiðstöðin í Reykjavík var Fellahellir í Breiðholti en hún var opnuð 9. nóvember 1974 en í dag eru félagsmiðstöðvar í Reykjavík 25 talsins. Fyrstu sértæku félagsmiðstöðvarnar (Hofið, Hellirinn og Höllin) voru opnaðar haustið 2007 og rúmu ári síðar var Askja opnuð en það er sértæk félagsmiðstöð fyrir 10-16 ára börn í Klettaskóla.

Starfsemi félagsmiðstöðva SFS byggir á [Starfsskrá frístundamiðstöðva](#) sem kom fyrst út árið 2006 og var endurútgefin árið 2015. [Í viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs](#) er einnig að finna vísbendingar um hvað felst í gæðastarfi í félagsmiðstöðvum, s.s. hvað varðar starfshætti og viðfangsefni, virka þátttöku, lýðræði, mannréttindi og margbreytileika. Hlutverk félagsmiðstöðva er að veita börnum og unglingum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið. Börnum og unglingum á að standa til boða frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið

af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum félagsmiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu. Í 31. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um að börn eigi rétt á leik, hvíld og frístundum og einnig til menningarlegra og listrænna starfa sem samræmast þeirra aldri. Með starfsemi félagsmiðstöðva er talið að þessum þáttum Barnasáttmálans sé mætt þar sem hlutverk félagsmiðstöðva er m.a. að uppfylla þá þætti sem þar eru tilgreindir. Starf félagsmiðstöðva hefur auk þess snertifleti við fleiri greinar Barnasáttmálans. Félagsmiðstöðvastarfinu er jafnframt ætlað að styðja við þá fimm grundvallarþætti sem tilgreindir eru í Menntastefnu Reykjavíkurborgar en þeir eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

Yfir vetrartímann er opnunartími félagsmiðstöðva misjafn en hann er þó að lágmarki 12 klukkustundir á viku fyrir 13-16 ára, yfirleitt dagopnanir og 3 kvöldopnanir, og

tvær opnanir á viku fyrir 10-12 ára aldurshópin. Nánari lýsingu á þjónustunni er að finna í [Reglum um þjónustu félagsmiðstöðva](#) sem samþykktar voru í borgarráði Reykjavíkur í október 2017. Nánari upplýsingar um opnunartíma tiltekinna félagsmiðstöðva er að finna á heimasíðum þeirra. Yfir sumartímann er opið í almennum félagsmiðstöðvum en nokkuð er um að starfsstöðvar slái starfsemi sinni saman og er opnunartími í samræmi við fjárhagsramma hverju sinni. Sumaropnanir eru frá byrjun júní og fram í miðjan júlí. Algengt er að félagsmiðstöðvarnar setji meiri tíma í starf fyrir börn á aldrinum 10-12 ára yfir sumartímann en tíðkast yfir vetrartímann þar sem þörfin virðist vera mikil og svigrúmið er til staðar. Sértækar félagsmiðstöðvar í Reykjavík bjóða upp á frístundapjónustu eftir að skóladegi lýkur og í skólafríum. Opnunartími þeirra er svo til eingöngu á daginn vegna eðli starfsins og fylgir skólastarfinu að miklum hluta yfir vetrartímann. Á sumrin er opnunartíminn alla daga allt sumarið að undanskilydum 2-3 vikum þar sem starfsemin lokar alveg.

Í Starfsskrá frístundamiðstöðva eru tilgreindir fjórir færniþættir í frístundastarfi sem félagsmiðstöðvar SFS vinna eftir en það eru **umhyggja, félagsfærni, sjálfsmynd og virkni og þátttaka**. Þessir færniþættir styðja vel við grundvallarþætti í Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Umhyggja er mikilvægur grunnur í mótun samfélaga og í öllum samskiptum og félagsfærni stuðlar að því að einstaklingar geti lifað í samfélagi við aðra í sátt og samlyndi. Stuðningur við jákvæða mótun sjálfsmyndar barna og unglinga á sér m.a. stað í frístundastarfi og í gegnum þátttöku í frístundastarfi er ýtt undir aukna virkni og þátttöku og stuðlað að aukinni borgaravítund. Nánari umfjöllun um þessa færniþætti er að finna í Starfsskrá frístundamiðstöðva sem hér hefur áður verið vísað til.

Þríþætt gildi frítímans FORVARNARGILDI

Þátttaka í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi. Með því að bjóða unglingum upp á jákvæð viðfangsefni í frítímanum með sterkum fyrirmyndum aukast líkur á því að þau kjósi

heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættuhegðun. Í félagsmiðstöðvastarfi er áhersla lögð á forvarnir gegn óæskilegri hegðun en í þeim reglum sem gilda í starfi félagsmiðstöðva er t.d. skýr afstaða tekin gegn allri vímuefnaneyslu og annarri neikvæðri og/eða óæskilegri hegðun. Félagsmiðstöðvarnar vinna í anda heilsuefingar og [gátlistar um heilsuefandi félagsmiðstöðvar](#) eru ætlaðir sem stuðningur við starfsstaði í að vinna markvisst að heilsuefingu. Félagsmiðstöðvar starfa einnig í samræmi við gildandi [forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar](#) hverju sinni.

MENNTUNARGILDI

Það er einnig mikilvægt að í frítímanum fáið börn og unglingar við fjölbreytt og skapandi verkefni þar sem lögð er áhersla á virkni, frumkvæði og sköpun. Hér er ekki um formlegt nám að ræða heldur er áhersla lögð á reynslunám og óformlega menntun sem tekur mið af aldri þeirra og þroska.

AFÞREYINGARGILDI

Að eiga góðar stundir með jafnöldrum án sýnilegs markmiðs er mikilvægur hluti af lífinu og nauðsynlegt að skapa unglingum tíma og aðstöðu til afþreyingar undir þessum formerkjum. Forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi frítímans skarast alla jafna í starfsemi félagsmiðstöðva. Sköpun, félagsleg virkni og frjáls leikur hefur afþreyingargildi en hefur að sama skapi bæði forvarnar- og menntunargildi. Í félagsmiðstöðvastarfi er dansleikur í sjálfu sér afþreying en um leið eru unglingar að þjálfa samskiptafærni sína, læra vinsælustu sporin af jafningjahópnum og eru í öruggu umhverfi án vímuefnabætur undir umsjón fagfólks. Þegar skipulagning og framkvæmd dansleiksins er í höndum unglinganna sjálfra þá á sér stað reynslunám og óformleg menntun. Þau læra verkefnisstjórnun, að axla ábyrgð, samstarf, samskipti, koma fram og sjá hugmyndir sínar verða að veruleika. Hugmyndafræðin og markmiðin sem liggja að baki starfinu skipta miklu máli og hvernig staðið er að framkvæmd viðfangsefna, ekki síður en viðfangsefnið sjálft.



2. KAFLI

HUGMYNDAFRÆÐI FÉLAGSMIÐSTÖÐVA

Grunnhugmyndafræði félagsmiðstöðvastarfs byggir á kenningum um félagsmótun þar sem félagsleg samskipti móta einstaklinginn, viðmið hans og gildi. Félagsmiðstöðvum er ætlað að mæta þörf barna og unglunga fyrir samastað þar sem þeirra menning er í forgrunni og jafningjahópurinn er félagsmótunarafl. Samhliða er stutt við þroska og velferð barna og unglunga og þeim veittur stuðningur eftir þörfum. Um er að ræða opinn vettvang þar sem leitast er við að mæta börnum og unglingum af virðingu á þeirra eigin forsendum og áhersla lögð á virka þátttöku í starfinu og raunveruleg áhrif (Árni Guðmundsson, 2007; Eygló Rúnarsdóttir o.fl. 2017).

Barna- og unglingalýðræði

Í 12. grein [Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#) sem lögfestur var á Íslandi 2013 segir að börn og unglingar eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og eiga kröfu á að sjónarmið þeirra séu virt í samræmi við aldur þeirra og þroska. Í 13. grein sáttmálans kemur fram að börn eigi rétt á að tjá sig svo lengi sem það brýtur ekki gegn almennu

siðgæði, skaði mannorð eða brjóti gegn réttindum annarra. Barna- og unglingalýðræði er hugmyndafræðin sem félagsmiðstöðvastarfið byggir á. Hún er mjög í þeim anda sem lýst er í fyrrnefndri grein Barnasáttmálans og tryggir jafnframt áhrif barna- og unglunga á starfið. Í [Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs](#) er sérstaklega litið til lýðræðis og þátttöku barna og unglunga og þar er að finna góðar vísbendingar um gæðastarf á þessu sviði. Hafa skal í huga að rammar barna- og unglingalýðræðis eru landslög, ákvarðanir borgaryfirvalda og fjárhagsáætlun félagsmiðstöðvar. Starfsfólk ber að sjálfsögðu endanlega ábyrgð á þeim ákvörðunum sem börn og unglingar taka í starfi félagsmiðstöðva þó að mikil áhersla sé lögð á þeirra virkni í öllu starfi á hennar vegum.

En hvers vegna koma börn og unglingar í félagsmiðstöðina?

Það eru ekki allir að sækjast eftir því að axla ábyrgð á og skipuleggja dagskrá eða viðburði og það verður líka að taka tillit til þess. Það má kannski segja að viðfangefni þeirra sem koma í félagsmiðstöðina skiptist í stórum dráttum upp í fernt, þ.e.:

1. Að vera – koma inn og spjalla við vini, starfsfólk eða fá sér hressingu.
2. Þátttaka – taka þátt í athöfn eða viðburði.
3. Virk þátttaka – að taka þátt í og axla ábyrgð á dagskrá eða viðburði.
4. Vera ábyrgðaraðili – skipuleggja og bera ábyrgð á dagskrá eða viðburði fyrir aðra.

Það getur verið gott að ganga út frá þessum tveimur lykilspurningum í félagsmiðstöðvastarfinu:
- **Hvernig vilja börn og unglingar láta rödd sína heyrast?**
- **Hvernig vilja börn og unglingar að frístundaráðgjafar ýti undir virkni og þátttöku í starfinu?**

- Í barna- og unglingalýðræði er lögð áhersla á:
- Samræður um lýðræðishugtakið og hvað það felur í sér.
 - Virkni einstaklinga, þátttöku og ábyrgð í starfi félagsmiðstöðvarinnar.
 - Þjálfun í að viðra skoðanir sínar og hlusta á aðra.
 - Víðsýni og gagnrýna hugsun.
 - Þjálfun í að taka sjálfstæðar ákvarðanir og taka afleiðingum þeirra.
 - Þroska borgaravítundar og færni í að vera ábyrgir þátttakendur í samfélaginu.
 - Þekkingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og réttindum og skyldum barna og unglunga.
 - Valdeflingu barna og unglunga.
 - Undirbúning fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.


Það er í anda barna- og unglingalýðræðis og Barnasáttmálans að hafa samráð við börn og unglinga um málefni sem þau varða og þar á meðal starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Það er mikilvægt að fara fjölbreyttar leiðir í slíku samráði en þrjár eru algengastar:

1. Kosið með lýðræðislegum hætti í ráð og/eða nefndir.
2. Öllum áhugasömum er gefinn kostur á þátttöku í starfi ráða og nefnda.
3. Einstaklingar eða hópar axla ábyrgð á og fylgja afmarkaðri hugmynd eða verkefni eftir frá upphafi til enda.

Það er einnig hægt að blanda þessu þrennu saman og hafa lýðræðislegar kosningar í fyrirfram ákveðin ráð og nefndir, gefa áhugasömum kost á að mynda hópa/ráð/nefndir í takt við eigið áhugasvið og einstaklingum eða hópum tækifæri til að fylgja eftir hugmynd frá upphafi til enda. Lýðræðislega kosin ráð eða nefndir, einstaklingar og hópar sem byggja á áhuga viðkomandi þátttakenda geta síðan verið í samstarfi og samráði varðandi starfsemina. Með þessu móti gefst tækifæri til að vinna að málum og verkefnum í fámennari hópum og áhugasamir hafa einnig tækifæri til að taka þátt þar sem þeirra áhugasvið liggur. Umræðuhópar, rýnihópar, barna- og unglingafundir (stórfundir) og barna- og unglingamálþing í samstarfi við grunnskóla eru nokkrar af þeim leiðum sem hægt er að fara til að efla lýðræðislega starfshætti og auka aðkomu barna- og unglunga að ákvarðanatöku um málefni félagsmiðstöðvarinnar. Ef farin er sú leið að kjósa í ráð er mikilvægt að frambjóðendum sé kynnt hvert þeirra hlutverk er og hvaða ábyrgð fylgir slíku framboði og starfi. Það sama gildir ef áhugasömum er gefið tækifæri til að taka þátt í starfi ráða og nefnda eða einstaka verkefnum. Þá er einnig mikilvægt að það liggi fyrir viðmið um það verklag sem slík vinna felur í sér og til hvers er ætlast af þátttakendum þó að sjálfsögðu sé ætlast til að þeir sem taka þátt í verkefnunum hafi mikið um viðmið og vinnulag að segja. Það er hlutverk frístundaráðgjafans að kynna það fyrirkomulag sem viðhaft er í viðkomandi félagsmiðstöð í lýðræðisvinnu og þjálfu og ýta undir lýðræðisleg vinnubrögð barna og unglunga eins og kostur er og nýta í þeim tilgangi sem fjölbreyttastar leiðir. Þetta er krefjandi verkefni þar sem lýðræði og lýðræðisleg vinnubrögð geta verið margslungið fyrirbæri.

Það er einnig gott að átta sig á að því hvað felst í raunverulegu lýðræði og svo lýðræði þar sem þátttaka er lítil sem engin. Þrepaskipt líkan Roger Hart (1992) hefur verið talsvert mikið notað í félagsmiðstöðvastarfi en það sýnir vel hvaða vinnulag þarf að viðhafa til þess að hægt sé að segja að um raunverulega þátttöku og lýðræðisleg vinnubrögð sé að ræða. Í fyrstu þremur þrepunum felst lítil virk þátttaka en hún eykst síðan eftir því sem ofar dregur.

Þrepaskipt líkan Roger Hart



Markmið frístundaráðgjafans hlýtur alltaf að vera að halda sig í efri hluta stigans þar sem rödd barna og unglinga hefur meira vægi.

1. Stjórnun (e. manipulation): Börn ráðgefandi en engin endurgjöf.
2. Skreyting (e. decoration): Verkefni hinna fullorðnu en börn notuð til að lífga upp á eða skreyta.
3. Tákn (e. tokenism): Börnum gefin rödd en þau velja ekki verkefni.
4. Úthlutuð eða upplýst þátttaka (e. assigned but informed): Börn upplýst um hlutverk sitt en frumkvæði fullorðinna.
5. Ráðgefandi og upplýst þátttaka (e. consulted and informed): Leitað eftir skoðunum og sjónarmiðum barna en fullorðnir ráðgefandi við mótun verkefnis.
6. Frumkvæði fullorðinna en sameiginleg ákvarðanataka (e. adult-initiated, shared decisions with children): Fullorðnir hafa frumkvæði að verkefni en börn og fullorðnir taka sameiginlega ákvörðun um það.

7. Frumkvæði og stjórnun barna (e. child-initiated and directed): Frumkvæði, skipulagning og stjórn verkefnis á hendi barna og án afskipta fullorðinna.
8. Frumkvæði barna og sameiginleg ákvarðanataka (e. child-initiated, shared decisions with adults): Börn vinna verkefni eftir eigin hugmyndum en ákvarðanir teknar í samvinnu við fullorðna.

Hlutverk ráða og nefnda:

- Virkja sem flesta til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvarinnar.
- Kalla eftir hugmyndum annarra og fá áhugasama til samstarfs.
- Skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttri dagskrá og starfsemi.
- Bera ábyrgð á eigin verkefnum.
- Vera fyrirmyndir annarra.
- Vernda hagsmuni og velferð barna og unglinga.

Hlutverk frístundaráðgjafa:

Þeir sem starfa í félagsmiðstöðvum verða fyrst og fremst að undirbúa jarðveginn og skapa grundvöll fyrir virka þátttöku og lýðræðisleg vinnubrögð í félagsmiðstöðvastarfinu. Það þarf að leiðbeina börnum og unglingum um þær leiðir sem hægt er að fara til að hafa raunveruleg áhrif og sjá til þess að börn og unglingar nýti sér þær leiðir eftir fremsta megni án þess þó að starfsfólk sé of stýrandi. Feta verður þann vandrataða gullna meðalveg sem felur í sér að styðja frekar en að stýra.

Ungmennaráð í hverfum borgarinnar

Haustið 2001 voru stofnuð ungmennaráð í öllum hverfum Reykjavíkurborgar að tilstuðlan starfsfólks á íþrótt- og tómstundasviði. Það var fyrst árið 2007 að ungmennaráð eru nefnd í lögum en í Æskulýðslögum nr. 70/2007 kemur fram að sveitarstjórnir skuli „hlutast til um stofnun ungmennaráða“ sem skulu m.a. vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Starfstími hvers ráðs í Reykjavík er eitt ár í senn og hefst starfsárið 1. október ár hvert. Upphaflega var það þannig að nemendaráð allra grunn- og framhaldsskóla tilnefndu tvo fulltrúa, 13-18 ára, til að starfa í ungmennaráði en þetta hefur þróast í þá átt að starf ungmennaráða er kynnt fyrir unglingum í viðkomandi hverfi og áhugasömum gefin kostur á þátttöku. Í sumum ungmennaráðum er þessu tvennu blandað saman, þ.e. að fulltrúar eru tilnefndir en ráðið er einnig opið öðrum áhugasömum.

Ungmennaráð hverfis tilnefnir 2-4 fulltrúa úr sínum röðum til setu í Reykjavíkurráði ungmenna. Starfsemi ungmennaráða gefur unglingum tækifæri til að láta í sér heyra og vinna að málefnum sem varða ungt fólk. Starfsfólk ráðsins starfar hjá frístundamiðstöð í viðkomandi hverfi.

Starfsfólkið er fulltrúum í ungmennaráðum til halds og trausts og því oftast með reynslu af starfi með börnum og/eða hefur sjálft verið í ungmennaráði auk þess að hafa þekkingu á lýðræði og lýðræðisvinnu.

Markmið með starfsemi ungmennaráða:

- Að skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim sem eru yngri en 18 ára kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila.
- Að veita þátttakendum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og vettvang til að þjálfa sig í slíkum vinnubrögðum.

Reykjavíkurráð ungmenna

Reykjavíkurráð ungmenna hóf formlega störf í janúar 2002. Markmið með starfsemi ráðsins eru þau sömu og með starfsemi ungmennaráða í hverfum borgarinnar. Starfað er eftir ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur var á Íslandi 2013. Starfsemi ráðsins tekur einnig mið af þeirri stefnumótun sem hefur átt sér stað hjá Evrópusambandinu m.a. með tilkomu Hvítbókarinnar frá hausti 2001 og tilmælum í Æskulýðslögum frá 2007. Tveir til fjórir fulltrúar úr hverju ungmennaráði hverfanna mynda Reykjavíkurráð ungmenna sem í sitja 16 fulltrúar á aldrinum 13-18 ára. Fulltrúar í Reykjavíkurráði ungmenna funda reglulega og ákveða hvaða viðfangsefni og verkefni þeir vilja vinna að á vegum ráðsins. Árlega funda fulltrúar Reykjavíkurráðsins með borgarstjórn þar sem farið er yfir tillögur ungs fólks í Reykjavík um úrbætur á málefnum sem að þeim snúa. Fulltrúar Reykjavíkurráðs hafa frá upphafi tekið þátt í ráðstefnum, málþingum, starfshópum, vinnudögum og öðrum fjölbreyttum verkefnum á vegum Reykjavíkurborgar og annarra aðila s.s. mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Umboðsmanns barna, UMFÍ o.fl. Fulltrúar í Reykjavíkurráði eiga rétt til setu á fundum í skóla- og frístundaráði með málfrelsi og tillögurétt.


Óformlegt nám og reynslunám
Í félagsmiðstöðvastarfi fer fram svokallað **óformlegt nám** (non-formal learning) en þá er átt við nám sem ekki á sér stað á vegum skilgreindra menntastofnana og endar með prófi. Í óformlegu námi er þrátt fyrir það unnið að fyrirfram settum markmiðum og leiðbeinendur veita þann stuðning sem þarf til að þau náist innan ákveðins tímaramma.

Með **formlegu námi** (formal learning) er átti við nám sem fer fram í skipulögðu skólaumhverfi og nemandi þarf að ljúka ákveðnu stigi eða prófi til að komast á næsta stig. Hefðbundið skólastarf á Íslandi telst að mestu til formlegs náms. Í formlegu námi eru markmið skilgreind, námstími afmarkaður og námið staðfest með viðurkenningu eða vottun.


Í starfi félagsmiðstöðva á sér einnig stað svokallað **formlaust nám** (informal learning) en það er nám sem er afrakstur viðfangsefna í daglegu lífi í tengslum við vinnu, fjölskyldu eða frítíma. Ekki er um að ræða skipulagða fræðslu hvað varðar markmið, námstíma eða stuðning og getur verið bæði meðvitað og ómeðvitað. Námið er hvorki skipulagt af öðrum né staðfest eða vottað.

Félagsmiðstöðvastarf er góður vettvangur fyrir óformlegt nám. Hugmyndafræðin um reynslunám á sérstaklega vel við þegar um óformlegt nám er að ræða. Einfaldasta skilgreiningin á **reynslunámi** er sú að einstaklingur lærir af því sem hann tekur sér fyrir hendur. Reynslunám á sér stað þegar einstaklingur er þátttakandi í ferli þar sem reynsla eða upplifun verður til. Reynslan er svo rædd og skoðuð á gagnrýnin hátt í áframhaldandi vinnu. Markmiðið er að reynslunám leiði til nýrra uppgötvana sem gefur svigrúm til nýs skilnings í tengslum þátttakenda við viðfangsefnið. Styrkleiki þess konar náms felst einna helst í því að þátttakandinn dregur lærdóm af reynslunni, hann er virkur í ferlinu og er ábyrgur fyrir því að yfirfæra það sem hann lærir yfir á hið daglega líf. Reynslunám getur hjálpað börnum og unglingum til að þroska þekkingu sína, færni, viðhorf og

gildi auk þess sem það krefst virkrar þátttöku og þess að einstaklingar axli ábyrgð á eigin námi. Það er á ábyrgð leiðbeinanda að undirbúa aðstæður og velja verkefni við hæfi einstaklinga og hópsins sem unnið er með hverju sinni í þeim tilgangi að skapa reynslu sem hefur lærdóm að markmiði.



Í óformlegu námi er bæði hægt að vinna með **beina og óbeina fræðslu**. Með beinni fræðslu er átt við að börn og unglingar vita fyrirfram að um fræðslu er að ræða og hvers kyns fræðsla það er. Í slíkri fræðslu er oft fenginn utanaðkomandi aðili ef fræðslan er ekki inni á sérviði frístundaráðgjafa. Í **óbeinni fræðslu** gegna frístundaráðgjafar sjálfir veigamiklu hlutverki og reynir slík fræðsla fyrst og fremst á þá aðila sem sjá um hópinn hverju sinni. Óbein fræðsla er stöðug vinna og viðfangsefnin geta verið af fjölbreyttum toga. Unnt er að vinna með slíka fræðslu á margvíslegan hátt án þess að börn og unglingar verði í raun meðvitaðir um að fræðsla eigi sér stað. Það er hins vegar mjög mikilvægt að frístundaráðgjafar hafi markmiðin með fræðslunni á hreinu, þ.e. hverju óbeina fræðslan á að skila.



3. KAFLI

STARFSÞÆTTIR
FÉLAGSMIÐSTÖÐVA

Helstu starfsþættir félagsmiðstöðvanna eru opið starf, hópastarf og námskeið/smiðjur. **Opið starf** felur í sér fjölbreytt frístundatilboð sem standa öllum börnum og unglingum til boða. Þá er hægt að koma og nýta aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar á opnunartíma hennar. Opið starf er kjörinn vettvangur fyrir börn og unglinga til að mynda tengsl og fyrir starfsfólk til að spjalla og tengjast börnum og unglingum. Viðburðir geta verið hluti af opna starfinu þannig að þeir eru þá opnir öllum sem hafa áhuga á að taka þátt og þá er t.d. um að ræða viðburði sem börn og unglingar hafa sjálfir komið með hugmyndir að og tekið að sér að skipuleggja. Undir opna starfið getur einnig fallið ýmis konar fræðsla, viðburðir og styttri og lengri ferðir. Börnum og unglingum gefst í opna starfinu tækifæri til að koma eigin hugmyndum á framfæri og taka þátt í að skipuleggja og framkvæma þær í samráði við starfsfólk sem getur verið afar lærdómsríkt ferli. Skapaður er vettvangur til að hittast á hlutlausum og öruggum

stað þar sem hægt er að koma á eigin forsendum og vera virkur á þann hátt sem hentar hverju sinni undir handleiðslu starfsfólks.

Hópastarf (oft einnig talað um klúbbastarf, t.d. þegar hópur er myndaður í kringum sameiginlegt áhugamál) gefur börnum og unglingum möguleika á að starfa í minni hópum að áhugatengdum verkefnum með aðstoð starfsmanns. Oft er lögð mikil áhersla á þroska sjálfsvitundar og það gleymist að fjalla um mikilvægi þess fyrir börn og unglinga að þroska með sér hópvitund (e. group identity) án þess að reynt sé að gera lítið úr því fyrrnefnda. Leggja þarf áherslu á það jákvæða ferli hjá börnum og unglingum sem felst í því að tilheyra og tengjast öðrum. Í hópastarfi skapast persónulegri tengsl og tækifæri til reynslunáms með beinni og óbeinni fræðslu ásamt umfjöllun um ýmis barna- og unglingatengd málefni.

Skilgreining á hópastarfi:

Hópastarf er faglegt starf þar sem veitt er aðstoð eða unnið að ákveðnum verkefnum. Hópastarf felur í sér að ferlinu er stýrt af fagmanneskju sem aðstoðar einstaklingaí hópi við að ná sameiginlegu markmiði sem getur verið af einstaklings-, samskipta- eða verkefnatengdum toga (Hulda Valdís Valdimarsdóttir o.fl., 2006).

Í félagsmiðstöðvum er lögð mikil áhersla á að hugmyndir að hvers kyns hópastarf komi frá börnum og unglingum og þá er nauðsynlegt að frístundaráðgjafar séu vakandi og grípi þær hugmyndir sem koma upp hverju sinni og vinni með þær. Þegar hópastarf er byggt á þeim hugmyndum sem þátttakendur koma sjálfir með er líklegt að áhugahvötin verði meiri heldur en þegar unnið er með hugmyndir sem koma t.d. frá frístundaráðgjöfunum í félagsmiðstöðinni. Hópastarf af þessu tagi kallast almennt hópastarf eða klúbbastarf og þar er meginmarkmiðið oft tengt sameiginlegu áhugasviði þátttakenda. Dæmi um slíka hópa eða klúbba eru t.d. fótboltaklúbbur, leiklistarklúbbur, matreiðsluklúbbur, tölvuklúbbur, myndlistarklúbbur og kvikmyndaklúbbur. Einnig getur verið um að ræða árgangahópa og/eða stelpu- og strákahópa þar sem dagskráin er fjölbreyttari og ekki miðuð við ákveðið þema. Önnur markmið með hópastarfinu geta t.d. falið í sér fræðslu um einelti, kynlíf, fordóma eða vinnu með samskiptin í hópnum eða sjálfsstyrkingu. Hópar geta starfað í lengri eða skemmri tíma, allt eftir áhuga barna og unglinga og viðfangsefnum hópastarfsins hverju sinni.

Sértækt hópastarf er hópastarf þar sem unnið er með fyrirfram ákveðna þætti og í hópinn eru sérstaklega valdir þeir einstaklingar sem hafa þörf fyrir sértæka vinnu. Starfið krefst annars konar undirbúnings en almenna hópastarfið

þar sem þátttakendur hafa mikið að segja um viðfangsefni starfsins. Í sértæku hópastarfi geta markmiðin m.a. verið að vinna að því að styrkja sjálfsmynd þátttakenda, efla samskipta- og félagsfærni, stuðla að heilbrigðum lífsháttum eða vinna gegn óæskilegu hegðunarmynstri. Það er mikilvægt að vanda mjög val á þátttakendum í hópa af þessu tagi og ef það er gert í samstarfi við aðra aðila þarf að vera mjög skýrt hvers konar þátttakendum er verið að leita eftir. Markmið starfsins þurfa einnig að vera mjög skýr. Gott dæmi um sértæka hópa eru svokallaðir félagsmiðstöðvahópar þar sem unnið er í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur að því að styðja og styrkja unglinga yfir sumartímann.

Ítarlegri upplýsingar um hópastarf í félagsmiðstöðvum er að finna í [Handbók um hópastarf](#) sem er að finna á innri vef SFS.

Námskeið og smiðjur tengjast helst starfi með 10-12 ára aldurshópnum. Víða er verið að bjóða upp á námskeið eða smiðjur yfir sumar- og vetrartímann fyrir þennan aldurshóp þar sem unnið er með fyrirfram ákveðinn fjölda þátttakenda hverju sinni. Fyrirkomulagið getur verið með ýmsu móti, 1-2 klukkustundir í senn í eitt eða fleiri skipti eða yfir lengri tíma. Þarna gefst starfsfólki og börnum tækifæri til að vinna að afmörkuðu viðfangsefni í fámennari hópum þar sem áhersla er lögð á að ákveðinn lærdómur eða styrking geti átt sér stað, s.s. sjálfsstyrking, sköpun, hreyfing/útivist eða félagsfærni.



4. KAFLI

HELSTU ÞROSKAVERKEFNI 10-16 ÁRA BARNA OG UNGLINGA

Félagslegir þættir

Eitt af helstu þroskaverkefnum barna og unglinga er að styrkja eigin sjálfsmynd og skilgreina sjálfan sig. Gerð er uppreisn, í mismiklum mæli þó, gegn barnæskunni og leitað svara við spurningunni: HVER ER ÉG? Umheimurinn, s.s. foreldrar og skólinn, gerir æ meiri kröfur til barnsins eða unglingsins og þörfin fyrir hvers kyns félagslíf og það að tilheyra hópi verður meiri. Jafningjahópurinn fer að skipta börn og unglinga miklu máli og gildi og viðmið eru sótt í þann hóp í auknum mæli, jafnvel á kostnað foreldra og annarra í fjölskyldunni. Áhugamál, skoðanir og lífsstíll jafningjahópsins verður tilefni til að skoða sjálfan sig í samanburði við aðra og móta eigin skoðanir og viðhorf út frá því. Það er hluti af þroskaferlinu að skoða samfélagið með gagnrýnni augum en áður. Börn og unglingar vilja kynnast því af hverju samfélagið er eins og það er, eru gagnrýnni á vald og skipulag og oft er látið reyna verulega á alla ramma og reglur. Á þessum aldri er margt nýtt að gerast í þroska og unglingar eru hvorki skilgreindir sem börn né fullorðnir en kröfur

samfélagsins vísa ýmist til unglingins sem barns eða fullorðins, allt eftir viðfangsefnum. Unglingar vilja líka stundum í viðfangsefnum sínum hafa val um að vera ýmist barn eða fullorðinn, allt eftir hentugleika, og því getur stundum verið erfitt fyrir starfsfólk að átta sig á hvers konar nálgun gefst best. Starfsmenn þurfa að hafa í huga að á þessum árum getur myndast mikil spennan á milli einstaklinga og þarf að fylgjast vel með mögulegu einelti, sérstaklega hjá börnum á aldrinum 10-12 ára en það virðist vera minna um einelti eftir því sem börnin eldast (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2017). Mikið er um ýmis samskiptavandamál á þessum aldri, það er aukinn kvíði og vanlíðan og þá sérstaklega hjá stúlkum (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2016). Alls kyns tilfinningar flækja málin ennþá meira á unglingsárunum svo sem vaknandi kynhvöt, aukin réttlætiskennd og hugsjónir sem oft er erfitt að koma í framkvæmd. Margir einstaklingar stimpla sig inn í unglingsárin með tilþrifum og sýna t.d. breytingar á hegðun og þá aðallega í kringum foreldra sína. Þeir draga sig frá fjölskyldu sinni og verða mun

sjálfstæðari. Mikil þörf verður fyrir að samsama sig við jafnaldra og ef það tekst ekki getur það valdið vanlíðan og ágreiningi við aðra. Mikilvægt er átta sig á að aukinn þroski birtist með ólíkum hætti hjá einstaklingum og það þarf að hafa í huga þegar starfað er með börnum og unglingum.

Aukinn andlegur þroski

Á þessum árum öðlast barnið eða unglingurinn aukna færni í rökhugsun, nýtir fyrri þekkingu og reynslu til að draga ályktanir og móta sér skoðanir. Einnig verður einstaklingurinn færari í því að setja sig í spor annarra og þroskast frá sjálflægni til aukinnar samhygðar með umhverfinu og einstaklingnum. Í félagsmiðstöðvastarfi gefast góð tækifæri til að ýta undir þennan þroska með því að hvetja börn og unglinga til að skoða málin út frá mörgum sjónarhornum og setja sig í spor annarra. Þessari nýju færni beitir barnið eða unglingurinn þó ekki alltaf því blönduð hlutverk hans sem barn annars vegar og fullorðinn hins vegar kallar fram mismunandi sýn viðkomandi á hverjum tíma. Sami einstaklingur getur því sýnt sjálfhverfa hegðun eina stundina og samhliða risið upp gegn óréttlæti sem, að hans mati, jafningi hans er beittur. Barnið eða unglingurinn skoðar sjálfan sig í tengslum við umhverfið og aukin hugræn færni opnar nýja möguleika til að velta fyrir sér stórum spurningum um lífið og tilveruna. Samskipti við aðra eiga stóran þátt í þróun sjálfsmýndarinnar. Aukin rökhugsun og þróun sjálfsmýndar kallar á tilraunir barnsins eða unglingins til að reyna sig í fjölbreyttum hlutverkum og því má stundum sjá breytingu á klæðaburði, áhugamálum og vinahópi. Oft eru þessar breytingar mjög meðvitaðar og ætlaðar til að kalla á viðbrögð jafningja, fjölskyldu eða annarra í umhverfinu og reyna á reglur og væntingar í sinn garð. Allar þessar tilraunir barna og unglinga þarf að umgangast með virðingu og ekki má gera lítið úr þeim.

Hins vegar getur leit viðkomandi og tilraunir með mismunandi hlutverk leitt einstaklinga og/eða hópa í ógöngur hvað varðar félagsskap eða viðfangsefni og þá þarf fagfólk og aðrir sem standa að barninu eða unglingnum að stíga inn í og reyna allar leiðir til að leiða viðkomandi á farsælli braut.

Barna- og unglingamenning

Barna- og unglingamenning er sjálfsprottin og verður ekki mótuð fyrirfram. Menning þessa aldurshóps fer eftir þeim fyrirmyndum sem áberandi eru hverju sinni, s.s. í íþróttum, tónlist, kvikmyndum, á samfélagsmiðlum og tiskustraumum almennt. Hluti af góðu félagsmiðstöðvarstarfi er að vera í takt við almenn áhugamál og strauma í barna- og unglingahópnum. Það er því mikilvægt fyrir starfsfólk að hafa þetta í huga í samskiptum við börn og unglinga og einnig þarf að taka tillit til þess þegar ákveðið er hvaða viðfangsefni er boðið upp á í starfinu. Barna- og unglingamenningin er margþætt og síbreytileg. Sumir þættir hennar eru samþykktir af samfélaginu á hverjum tíma en aðrir þykja miður góðir. Starfsfólk þarf að forðast predikanir og fordóma gagnvart sérmenningu barna eða unglinga. Hlutverk frístundaráðgjafans er að koma til móts við alla og byggja upp fjölbreytta starfsemi á þeirra forsendum en auðvitað verður að hafa í huga þá ramma og þær reglur sem samfélagið setur hverju sinni. Því er mikilvægt að velja aldursviðeigandi viðfangsefni fyrir sérhvern aldurshóp sem unnið er með í félagsmiðstöðvastarfinu.



5. KAFLI

REGLUR OG VERKFERLAR

Mikilvægt er að starfsfólk þekki þær reglur og verkferla sem gilda í félagsmiðstöðvastarfi og að vinnubrögð séu samræmd. Öryggi barna og unglinga á að vera í fyrirrúmi og í hverri félagsmiðstöð á að vera til sjúkrakassi svo að hægt sé að veita fyrstu hjálp ef á þarf að halda. Í þessum kafla er að finna upplýsingar um þær reglur og verkferla sem gilda í starfi félagsmiðstöðva. Verkferlunum er ætlað vera leiðbeinandi fyrir starfsfólk til að tryggja öryggi og góða þjónustu.

Leiðarljós og reglur í starfi félagsmiðstöðva
Starfsfólk hefur að leiðarljósi að tryggja vellíðan og öryggi allra barna og unglinga í starfi sínu. Sú almenna regla gildir að komið sé fram við aðra af vinsemd og virðingu og að allir séu boðnir velkomnir í félagsmiðstöðvastarfið á eigin forsendum. Samkvæmt lögum má hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 18 ára tóbak. Þá er óheimilt að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem eru yngri en 20 ára. [Í lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni](#) eru tilgreind þau efni sem eru ólögleg á Íslandi. Starfsfólk félagsmiðstöðva virðir landslög og gilda þau í öllu þeirra starfi. Börnum er því óheimilt að hafa slík efni undir höndum í félagsmiðstöðvastarfi. Starfsfólk getur því, ef ástæða þykir til, óskað eftir því að fá að skoða í töskur og/eða vasa í forvarnarskyni og til að tryggja öryggi barna og unglinga í starfinu.

Þegar farið er í ferðir með næturgistingu þurfa börn

og unglingar að samþykkja skriflega að fylgja þessum leiðarljósum auk þess sem ávallt þarf að liggja fyrir samþykki foreldra fyrir því að börn þeirra fari í ferðina.

Það er mikilvægt að allt starfsfólk þekki [leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun og neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna](#) og að þær séu aðgengilegar og öllum kunnar; börnum, unglingum og foreldrum þeirra. Þá er æskilegt að starfsfólk vísi reglulega til þeirra og annarra viðmiða sem unnið er eftir, t.d. í auglýsingum og skilaboðum til foreldra.

- [Verkferlar](#) vegna eftirfarandi atvika eða verkefna eru aðgengilegir á vef Reykjavíkurborgar:
- Undirbúningur viðburðar
 - Framkvæmd viðburðar
 - Ferðir – stuttar og langar
 - Útivistir
 - Atvikaskráning
 - Einstaklingssamtal
 - Samskipti við foreldra
 - Einelti
 - Minniháttar hegðunarfrávik
 - Alvarleg hegðunarfrávik
 - Smávægilegir áverkar
 - Alvarleg slys
 - Tannslýs
 - Leiðbeiningar um ritun barnaverndartilkynningar

LEIÐARLJÓS FRÍSTUNÐARÁÐGJAFANS

Hlutverk starfsfólks

Menntunar- og hæfniskröfur

Einstaklingar sem vilja vinna í félagsmiðstöðvum þurfa að búa yfir fjölbreytttri hæfni. Þeir þurfa m.a. að hafa góða samskipta- og skipulagshæfni og vera stundvísir. Starfsmenn félagsmiðstöðva þurfa að sýna frumkvæði og geta sýnt sjálfstæð vinnubrögð í starfinu. Þeir þurfa að vera hugmyndaríkir og tileinka sér fjölbreytt áhugasvið sem nýtast í starfinu til að ná til sem flestra þjónustuþega. Æskilegt er að þeir sem sækjast eftir vinnu í félagsmiðstöðvum séu með góða reynslu af starfi með börnum og uppeldismenntun sem nýtist í starfinu.

Ábyrgðarsvið og helstu verkefni:

- Sjá til þess að börnum og unglingum líði vel og finni fyrir öryggi í starfi félagsmiðstöðvarinnar.
- Efla virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna og unglinga í félagsmiðstöðvastarfinu.
- Skipulagning og framkvæmd starfsins í samráði við annað starfsfólk og börn og unglinga með barna- og unglingalýðræði að leiðarljósi.
- Tryggja að komið sé til móts við ólíkar þarfir og þroska

barna og unglinga með fjölbreyttum viðfangsefnum.

- Umsjón með hóp eða klúbb eða ákveðnum verkefnum og/eða dagskrárliðum.
- Sjá til þess að húsnæði sé tilbúið til notkunar þegar starf hefst og að frágangur húsnæðis sé viðunandi að vinnudegi loknum.
- Annast önnur þau störf sem honum eru falin.

Ólík hlutverk

Frístundaráðgjafar í félagsmiðstöðvum gegna mikilvægu uppeldishlutverki og oft á tíðum mikilvægu hlutverki í lífi marga barna og unglinga. Í starfi með börnum og unglingum er mikilvægt að hafa skýra ramma og fáar en góðar reglur. Starfsmenn eiga að skapa samkennd og góðan anda í hópnum og stuðla að jafnrétti, lýðræði, virkni, frumkvæði, sköpun og þátttöku. Það getur verið krefjandi að vinna með börnum og unglingum og sjálfsþekking er mikilvægt verkfæri til að ná árangri í starfi. Frístundaráðgjafar eru fyrirmynd og oft þjóna þeir mörgum ólíkum hlutverkum í lífi barna og unglinga, s.s að vera ráðgjafi, félagi, stuðningsfulltrúi, trúnaðarvinur og fræðari.

Frístundaráðgjafi verður að vera meðvitaður um hvenær honum ber að þjóna hvaða hlutverki og vera ávallt meðvitaður um takmarkanir sínar í starfi. Starfsfólk félagsmiðstöðva rækir starf sitt án þess að dæma einstaklinga, virðir siði, trúarbrögð og mannréttindi hverrar manneskju.

Fyrirmyndir

Frístundaráðgjafar í félagsmiðstöðvum eru mikilvægar fyrirmyndir í lífi barna og unglinga, svokallaðir „mikilvægir aðrir“. Skoðanir, gildi og lífsstíll starfsmannsins hefur bæði bein og óbein áhrif á þá einstaklinga sem hann vinnur með. Því er mikilvægt að frístundaráðgjafar séu meðvitaðir um það gríðarlega mikilvæga hlutverk sem þeir gegna sem fyrirmyndir. Fyrirmyndarhlutverkið krefst ábyrgðar og þurfa starfsmenn að endurspegla þau viðhorf sem SFS stendur fyrir varðandi heilbrigðan lífstíl barna og unglinga. Hluti af því að vera fyrirmynd er að ýta undir gagnrýna hugsun, vera hvetjandi, sýna umhyggju og hrósa. Jafnframt er mikilvægt að bregðast ávallt við neikvæðri hegðun. Mikilvægt er að vera samkvæmur sjálfum sér og viðurkenna mistök sín og takmarkanir. Ef frístundaráðgjafi er samkvæmur sjálfum sér og réttlátur öðlast hann bæði vináttu og virðingu unglinganna.

Tengslamyndun

Starf í félagsmiðstöðvum snýst meðal annars um að hafa jákvæð áhrif á lífstíl og viðhorf barna og unglinga. Til að unnt sé að hafa þessi áhrif þarf frístundaráðgjafi að mynda tengsl og traust við þá sem hann vinnur með og er það mikilvægur hluti af starfinu.

Frístundaráðgjafi þarf að:

- Þekkja sjálfan sig vel.
- Þekkja sín mörk í samskiptum við börn og unglinga og vera meðvitaður um þau ólíku hlutverk sem hann gegnir hverju sinni. Mörkin þurfa að vera skýr varðandi það hvenær starfsmaðurinn er í hlutverki trúnaðarvinnar og hvenær hann er ráðgjafinn.
- Vera hinn fullorðni jafningi. Bera virðingu

fyrir einstaklingnum sem unnið er með og setja sig inn í hans mál.

- Vera meðvitaður um að engir tveir einstaklingar eru eins.

Sérstaklega ber að gæta að eftirfarandi:

- Við leggjum metnað okkar í faglegt og þroskandi uppeldisstarf.
- Við erum fyrirmyndir og hegðum okkur í samræmi við það í vinnunni og það þarf einnig að hafa í huga í einkalífinu.
- Við vöndum okkur í umræðum um viðkvæm málefni, s.s. stjórnmál, kynlíf, trúmál og fleira fyrir framan börn og unglinga og förum varlega í að ræða einkamál okkar og skoðanir.
- Við hvetjum til gagnrýnnar hugsunar og skoðanaskipta um málefni sem eru til umræðu í hópnum hverju sinni.
- Við höfum vakandi augu með börnum og unglingum í starfi á okkar vegum.
- Nauðsynlegt er að starfsfólk skipti með sér verkum og taki fulla ábyrgð á sínum verkefnum.

Samfélagsmiðlar og netið

Mikilvægt er fyrir frístundaráðgjafa að átta sig á því að þeir eru mikilvægar fyrirmyndir í lífi barna og unglinga. Þetta snýst um siðferðileg mörk sem setja þarf á milli starfs og einkalífs og því er ekki æskilegt að starfsfólk myndi persónuleg tengsl við börn eða unglinga utan vinnutíma. Erfitt getur reynst fyrir börn og unglinga að gera greinarmun á því sem starfsmaður stendur fyrir í vinnunni og hvernig hann hagar sér fyrir utan vinnutímann. Ef starfsmaður sýnir t.d. af sér aðra hegðun á samfélagsmiðlum en hann gerir í félagsmiðstöðinni og leyfir skjólstæðingum sínum að fylgjast með þeirri hegðun getur hann verið að senda börnum og unglingum ruglingsleg skilaboð. Því getur verið gott að hafa samfélagsmiðla sína lokaða og ekki samþykkja börn og unglinga sem vini, fylgjendur eða eitthvað annað sem tengist slíkum miðlum. Sjá [Viðmið um notkun samfélagsmiðla í starfi félagsmiðstöðva](#).

Samstarf og verndandi þættir

Frístundaráðgjafar félagsmiðstöðva þurfa að eiga gott samstarf við ýmsa aðila sem koma að uppeldi og málefnum barna og unglunga. Helstu samstarfsaðilar eru foreldrar, starfsfólk skóla og þjónustumiðstöðva og lögreglan. Einnig eru starfmenn annarra félagsmiðstöðva, íþróttafélaga, kirkjunnar, skátanna og annarra félagasamtaka mikilvægir samstarfsaðilar. Með samstarfi allra þessara aðila er lagður grunnur að góðu tengslaneti í kringum börn og unglunga sem er mikilvægur hluti þess forvarnarstarfs sem fyrrnefndir aðilar sinna.

Verndandi þættir í uppeldi barna og unglunga fela í sér að hlúa að heilbrigðum lífsstíl og jákvæðum gildum sem felur m.a. í sér heilsurækt, geðrækt, sterka sjálfsmynd, félagsfærni og samfélagsábyrgð. Þátttaka í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi í umsjá fagfólks spilar stórt hlutverk og styður við þessa verndandi þætti. Stuðningur foreldra getur m.a. falist í stuðningi, umhyggju og hlýju, eftirliti með því hvar börn og unglingar eru og með hverjum og einnig í þeim tíma sem börn og foreldrar verja saman. Verndandi þættir minnka líkur á áhættu hegðun sem getur skaðað einstaklinginn, s.s. neyslu vímuefna, afbrot, átröskun, tölvuofnotkun, klám og hvers kyns ofbeldi. Vanlíðan, geðröskun, ofbeldi á heimili, mismunun vegna fötlunar, kynferðis, kynhneigðar, ólíks uppruna og erfiðar félagslegar aðstæður eru einnig áhættuþættir í lífi barna og unglunga sem huga verður að (Reykjavíkurborg, e.d.-a).

Hafa ber í huga að aðstæðubundnir þættir í nær- og fjærumhverfi barna og unglunga tvinnast saman við

persónubundna þætti og eru verndandi. Með samstilltri vinnu og jákvæðum og uppbyggilegum uppeldisaðferðum er hægt að hafa góð áhrif á einstaklinga. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna er mikilvægt í öllu forvarnarstarfi að taka tillit til jafningjahópsins og áhrifa hans frekar en að einblína á einstaklinginn, óháð félagslegu samhengi. Með forvarnarstarfi sem miðar að breyttum viðhorfum til áhættu hegðunar í jafningjahópnum, sjálfsstyrkingu barna og unglunga og dýpkunar vináttu á milli einstaklinganna í hópnum er hægt að ná verulegum árangri (Rúnar Vilhjálmsson, 2016). Það félagslega umhverfi sem börn og unglingar búa í, s.s. tilfinningalegur stuðningur fólks sem einstaklingurinn getur reitt sig á, er á meðal þeirra verndandi þátta sem geta aukið færni og seiglu viðkomandi til að takast á við mótlæti á mótunarárum sínum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2016).

Þannig má segja að starfsfólk félagsmiðstöðva og aðrir þeir sem starfa með börnum og unglingum geti verið þessir mikilvægu umhyggjusömu einstaklingar utan fjölskyldunnar og gott samstarf á milli þessara aðila getur gefið þessu verndandi hlutverki þeirra aukið vægi. Í þverfaglegu samstarfi í hverfum þar sem unnið er með mál einstakra barna eða hópa er mikilvægt að geta brugðist við félagslegri einangrun og áhættu hegðun og grípa inn í og byrgja brunninn áður en mál þróast til verri vegar. Með þéttru samstarfi frístundamiðstöðva, grunnskóla, foreldra og þjónustumiðstöðva ætti að vera hægt að skanna markvisst unglingahópana og meta hvar þörfin er helst og hvar sóknarfærin liggja, t.d. hvað varðar sértækt hópastarf í hverjum borgarhluta fyrir sig.

7. KAFLI

**SKYLDUR OG ÁBYRGÐ
FRÍSTUNÐARÁÐGGJAFANS**

Siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar

Mikilvægt er að frístundaráðgjafar þekki til [siðareglna starfsmanna Reykjavíkurborgar](#) og fari eftir þeim í starfi sínu með börnum og unglingum. Í reglunum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem allt starfsfólk Reykjavíkurborgar á að sýna af sér við störf sín. Félag fagfólks í frítímaþjónustu hefur einnig sett sér [siðareglur](#) og þar kemur m.a. fram að grundvöllur starfs á vettvangi frítímans er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fulls.

Viðbragðsáætlun við alvarlegum atburðum

Mikilvægt er fyrir frístundaráðgjafa að þekkja til [viðbragðsáætlunarinnar](#) en þeir gegna mikilvægu stuðningshlutverki ef börn, ungmenni eða starfsfólk verður fyrir áfalli í starfi hjá félagsmiðstöðvunum. Um getur verið að ræða áföll vegna félagslegra breytinga, langvinnra sjúkdóma, alvarlegra slysa eða veikinda, ofbeldis, andláts o.s. frv. Oft felst mesta hjálpin í því að vera góður hlustandi, vera til staðar og gefa viðkomandi tíma. Viðbragðsáætlunin er grunnur

fyrir viðbragðsáætlanir starfsstaðanna og hana er að finna í heild sinni á innri vef Reykjavíkurborgar þar sem upplýsingar eru um allt sem snýr að [öryggi í skóla- og frístundastarfi](#).

Barnavernd

„Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.“ ([Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr.](#)) Tilkynnt er í nafni frístundamiðstöðvar og tilkynning er á ábyrgð viðkomandi framkvæmdastjóra en ekki einstaka starfsmanna. Því er ætlast til að að starfsmenn komi áhyggjum sínum varðandi einstök börn á framfæri við sinn næsta yfirmann sem vinnur áfram með málið. Opinberar stofnanir njóta ekki nafnleyndar, sbr. 19. gr. Barnaverndarlaga. Mælt er með því að tilkynningar séu skriflegar en gefist ekki ráðrúm til þess, t.d. við aðkallandi aðstæður, má tilkynna símleiðis. Sjá nánar í [leiðbeiningum um ritun barnaverndartilkynninga](#).

Upplýsingar og ráðgjöf veita starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur sem hægt er að hafa samband við í gegnum síma Þjónustuvers Reykjavíkurborgar, 411-1111. Um kvöld og helgar er tekið við tilkynningum í síma Neyðarlínunnar, 112.

Símenntun

SFS leggur mikla áherslu á fagmennsku og það er mikilvægt að frístundaráðgjafar nýti sér þau tækifæri sem bjóðast til að auka gæði starfsins og efla fagvitund sína. Hjá frístundamiðstöðvunum og SFS er virk stefna um símenntun starfsmanna og því gefst starfsfólki tækifæri til að sækja m.a. fjölbreytta starfstengda fræðslu og styrkja sig þannig í starfi. Gerð er krafa um að frístundaráðgjafar sækji reglulega námskeið í skyndihjálp og að nýir starfsmenn sækji grunnnámskeið. Á grunnnámskeiðum er m.a. fjallað um þroskaferli 10-16 ára barna og unglinga, gildi frítímans, starfsþætti félagsmiðstöðva, hlutverk starfsfólks ásamt vinnulagi og verktækni í félagsmiðstöðvastarfi. Starfsfólki ber að sitja grunnfræðslu í upphafi starfs og skyndihjálparnámskeið eftir 6 mánuði í starfi.

Vinnustund

Vinnustund er rafrænt viðveruskráningar- og vaktakerfi og til þess að skrá sig inn í það er hægt að nota kennitölu og aðgangsorð sem gildir einnig í sjálfsafgreiðslu mannauðskerfisins SAP þar sem m.a. er hægt að skoða launaseðil. Einnig er hægt að skrá sig inn í Vinnustund með rafrænum skilríkjum. Frístundaráðgjafar bera sjálfir ábyrgð á því að stimpla sig inn í gegnum Vinnustund í upphafi dags og stimpla sig út í lok vinnudags. Hver starfsmaður þarf svo að tryggja að Vinnustundin hans uppfylli þær kröfur sem eru gerðar þegar skila á af sér 11. hvers mánaðar til síns yfirmanns. Það er svo á ábyrgð forstöðumanna að skila Vinnustund fullnægjandi til deildarstjóra og/eða fjármálastjóra frístundamiðstöðvarinnar eftir því sem við á. Vinnustund skal fylla út samkvæmt útgefnum

leiðbeiningum á hverjum vinnustað fyrir sig en mikilvægt er að starfsmenn haldi vel utan um sína Vinnustund. Starfsmaður þarf að passa að færa inn veikindi, launalaus leyfi, veikindi barna, frídaga, yfirvinnu og skýringu á henni og annað sem viðkemur vinnutímanum. Laun eru greidd út mánaðarlega. Álag greiðist vegna þeirrar vinnu sem unnin er eftir kl. 17 virka daga og um helgar. Yfirvinna greiðist ef unnið er utan umsamdrar vinnuskyldu. Launatímabil yfirvinnu er frá 11.–10. hvers mánaðar, þannig að yfirvinna sem til dæmis er unnin á tímabilinu 11. september til 10. október greiðist með mánaðarlaunum fyrir októbermánuð þann 1. nóvember.

Veikindi

Tilkynna skal veikindi símleiðis fyrir kl. 10 að morgni, en ekki með sms, tölvupósti eða á samfélagsmiðlum, svo að hægt sé að kalla út afleysingarmanneskju. Skila þarf inn læknisvottorði ef yfirmaður óskar eftir því og alltaf þegar um ítrekuð eða langvarandi veikindi er að ræða.

Akstur

Þurfi frístundaráðgjafi að nota einkabifreið sína til að sinna erindum fyrir félagsmiðstöðina skal hann fylla út sérstaka akstursskýrslu sem skilast inn til deildarstjóra um leið og Vinnustund er frágengin. Akstursskýrslu er að finna á innri vef Reykjavíkurborgar. Óheimilt er að ferðast með börn og unglinga í einkabílum starfsmanna. Þurfi að fylgja barni og/eða unglingi á heilsugæslustöð eða slysadeild skal farið með leigubíl sem greiddur er með beiðni eða innkaupkorti ef ekki er um það að ræða að starfsstaður sé með bifreið á sínum vegum.

8. KAFLI

**HAGNÝTAR
UPPLÝSINGAR**

Innri vefur borgarinnar

[Innri vefur Reykjavíkurborgar](#) er ætlaður starfsfólki Reykjavíkurborgar og er aðgengilegur þeim sem tengdir eru interneti Reykjavíkurborgar á sínum vinnustað. Á innri vef Reykjavíkurborgar er að finna fjölbreyttar upplýsingar um mannauðsmál, þjónustu borgarinnar, ýmis skipurit, fundargerðir o.fl. Allar fyrirspurnir og ábendingar varðandi innri vefinn sendist á netfangið innri@reykjavik.is.

Sameyki - stéttarfélag í almannaðjónustu

Frístundaráðgjafar gerast meðlimir í Sameyki sem er eitt af aðildarfélögum BSRB þegar þeir skrifa undir ráðningarsamning. Greidd eru laun samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni og finna má samningana, launatöflur og nánari upplýsingar [á heimasíðu félagsins](#). Félagsmenn í Sameyki geta sótt um styrki annars vegar vegna starfs- og endurmenntunar í Starfsmenntunar- og þróunarsjóð eða í Vísindasjóð

og hins vegar vegna fyrirbyggjandi heilsueflingar og sjúkradagpeninga í Styrktarsjóð BSRB. Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóður er ætlaður til endur- og símenntunar félagsmanna. Hundruðir styrkja eru veittir árlega til ýmis konar náms. Umsóknir eru teknar fyrir á fundi sjóðsstjórnar og fundað er einu sinni í mánuði (nema yfir hásumarið). Vísindasjóður veitir styrki þrisvar sinnum á ári til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa. Félagsmenn þurfa að vera með háskólamenntun og hafa greitt í sjóðinn í 6 mánuði. Starfsstaðurinn sér um að greiða félagsgjöldin. Styrktarsjóði BSRB er ætlað að greiða bætur til sjóðfélaga í slysa- og veikindatilvikum eftir að veikindarétti lýkur hjá vinnuveitanda. Sjóðurinn styrktir einnig fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsueflingar og forvarnir gegn sjúkdómum. Allar nánari upplýsingar er að finna á [heimasíðu Sameykis](#).



Ýmis réttindi

Starfsmenn Reykjavíkurborgar njóta ýmissa hlunninda í starfi og eiga t.d. rétt á heilsuræktarstyrk, geta keypt S-kort sem veita ókeypis aðgang í sundlaugar borgarinnar og Menningarkort sem veitir m.a. ókeypis aðgang að söfnum á vegum borgarinnar. Hægt er að fá nánari upplýsingar um [hlunnindi starfsmanna](#) á innri vef.

Trúnaðarmaður

Félagsmenn í Sameyki kjósa sér trúnaðarmann á vinnustaðnum. Hlutverk trúnaðarmanna er að standa vörð um kjör og réttindi starfsmanna. Þeir þurfa að vera tengiliður milli starfsmanna og yfirmanna ef upp kemur ágreiningur milli þeirra og veita stuðning við lausn mála. Þeir eru jafnframt tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið og þurfa að aðstoða starfsmenn í málefnum sem viðkemur því.



Félag fagfólks í frítímaþjónustu

[Félag fagfólks í frítímaþjónustu](#), FFF, er félag fagfólks sem starfar á vettvangi frítímans á vegum sveitarfélaga, s.s. í félagsmiðstöðvum, frístundaheimilum, frístundamiðstöðvum, ungmennahúsum og skrifstofum æskulýðsmála en á þeim vettvangi starfa allt að þúsund manns víðsvegar um landið. Félagið var stofnað í frístundamiðstöðinni Miðbergi 28. maí 2005.

Markmið félagsins eru:

- Að leggja áherslu á mikilvægi fagmennsku í frítímaþjónustu.
- Að leggja áherslu á mikilvægi sérþekkingar fagfólks í frítímaþjónustu
- Að efla fagvitund og samheldni fagfólks í frítímaþjónustu með því að skapa félögum vettvang til umræðna og skoðanaskipta.
- Að vera leiðandi í faglegri umræðu og stjórnvöldum til ráðgjafar um frítímaþjónustu.
- Að efla samstarf við önnur félög sem starfa á vettvangi frítímans, innan lands sem utan.

- Að hvetja til aukinna rannsókna og eflingar menntunar á sviði frítímaþjónustu.
- Að standa fyrir námskeiðum og fræðslu fyrir starfsmenn á vettvangi frítímans.
- Að fara í námsferðir út fyrir landssteinana á þriggja ára fresti.

Rétt til félagsaðildar eiga einstaklingar sem:

- Lokið hafa háskólanámi í tómsunda- og félagsmálafræði.
- Hafa starfað í 6 mánuði á vettvangi frítímans og skila inn vottun frá vinnuveitanda.

Aukaaðild geta þeir sótt um sem stunda nám í tómsunda- og félagsmálafræði. Þeir hafa einungis áheyrnar- og tillögurétt á aðalfundi og greiða helming félagsgjalds.

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR Í REYKJAVÍK

Yfirlit yfir allar félagsmiðstöðvar sem starfandi eru má finna [hér](#).

HEIMILDIR OG EFNI SEM STUÐST VAR VIÐ:

Árni Guðmundsson. (2007). Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992. Hafnarfjörður: Höfundur.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Félag fagfólks í frítímapjónustu. (2009). Siðareglur. Sótt 29. ágúst 2017 af <http://fagfelag.is/sidareglur/>

Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir. (2017). „Félagsmiðstöðvar barna og unglinga“. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (Ritstj.), *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans* (bls. 109-121). Reykjavík: Félag fagfólks í frítímapjónustu, Félag Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofa í tómstundafræðum.

Guðmundur Ari Sigurjónsson. (2015). *9 þrep æskulýðsstarfs*. Reykjavík: Frítíminn.

Hart, R. A. (1992). *Children´s participation – from tokenism to citizenship*. Flórens: Unicef – International child development center. Sótt 29. ágúst 2017 á https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/childrens_participation.pdf

Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra

Sigfúsdóttir. (2014). Ung fólk 2014 – Grunnskólar. Menntun, menning, félags-, íþrótt- og tómstundastarf, heilsa, líðan og vímuefnaneysla unglinga í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi. Reykjavík: Rannsóknir & greining og Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir (Ritstj.) (2006). *Handbók um hópastarf*. Reykjavík: Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Erla María Tölgyes, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2016). *Ungt fólk 2016: 8.-10. bekkur*. Nám og skóli, félags- og tómstundastarf, íþróttir og hreyfing, foreldrar og uppeldi, heilsa og líðan, atvinnupáttaka og fjárhagur fjölskyldunnar og vímuefnanotkun ungmenna í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi. Reykjavík: Rannsóknir & greining og Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Æskulýðsráð. (2014). *Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámsskrá grunnskóla 2011 – Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Reykjavíkurborg. (e.d.-a). Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2019 vegna málefna barna og unglinga og foreldra þeirra. Reykjavík: Höfundur.

Reykjavíkurborg. (e.d.-b). *Skóla- og frístundasvið*. Sótt 29. ágúst 2017 af <http://reykjavik.is/SFS>

Reykjavíkurborg. (2009). *Siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar*. Sótt 29. ágúst 2017 af http://reykjavik.is/sites/default/files/sidareglur_starfsmanna_reykjavikurborgar.pdf 29.

Rúnar Vilhjálmsson. (2016). „Áhættuhegðun vina, nán tengsl við vini og eigin áhættuhegðun.“ Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (Ritstj.), *Ungt fólk – Tekist á við tilveruna* (bls. 305-314). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2016). „Seigla ungmenna“. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (Ritstj.), *Ungt fólk – Tekist á við tilveruna* (bls. 164-184). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2018). *Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030*. Reykjavík: Höfundur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017). *Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva*. Sótt 25. apríl 2018 af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/reglur_um_thjonustu_felagsmidstodva.pdf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2016). *Heilsueflandi félagsmiðstöðvar*. Sótt 29. ágúst 2017 af http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/heilsuefling_felagsmidstodvar_okt2016.pdf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015a). *Starfsskrá frístundamiðstöðva*. Reykjavík: Höfundur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015b). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs*. Reykjavík: Höfundur.

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2017). „Einelti, leiðir og lausnir“. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (Ritstj.), *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans* (bls. 109-121). Reykjavík: Félag fagfólks í frítímapjónustu, Félag Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofa í tómstundafræðum.

Æskulýðslög nr. 70/2007.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið